

ALÞYÐUBLAÐIÐ

Framleiðsla viðarkola.

Í fyrra kom Hákon Bjarnason skógræktarstjóri því til leiðar, að keyptur var ofn til viðarkolagerðar að Vöglum í Fnjóskadal í Suður-Þingeyjar-sýslu.

Viðarkol má meðal annars nota til bílakeyslu í stað benzíns og er skógræktarstjóri að útvega sér eina slíka bifreið.

Ofninn, sem settur hefur verið niður að Vöglum tekur í einu 5 rúmmetra af viði og fást 500 kg. af kolum úr ofninum á hverja brenslu.

Er verið að útvega fleiri ofna af þessu tagi hingað til lands.

Skátinn

2. tölublað yfirstandandi árgangs er nýkomið út. Flytur Skátinn grein um skólaferðir og ýmislegt fleira.

Hafið þið reynt:

- Kjötfarsíð,
- Fiskfarsíð,
- Kindabjúgu,
- Vínarpylsur,
- Míðdagspylsur,
- ásamt okkar ágæta dillkakjöti.

Kjötbúðin í Verkamannabústaðunum. Sími 2373.

NÝJA BIÓ Greifinn frá Monte Christo.

Amerísk tal- og tónmynd samkvæmt hinni heimsfrægu skáldsögu með sama nafni, eftir Alexander Dumas.

Aðalhlutverkin leika: ELISSA LANDI og ROBERT DONAT.

Saumum alls konar kjóla, kápur, dragtir og sportföt. Ólína og Björg, Miðstræti 4.



„Godafoss“

fer á fimtugdagskvöld, 26. marz, um Vestmannaeyjar til Hull og Hamborgar.

Farseðlar óskast sóttir fyrir hádegi sama dag.

Kaupið Alþýðublaðið

Bíó kl. 7 Bíó kl. 7

Klausturbarnið.

Þessi dásamlega fagra kvikmynd, sem hreif hugi allra er sáu hana í fyrra, verður sýnd í kvöld kl. 7 í Gamla Bíó til ágóða fyrir

Hvítabandið.

Aðgöngumiðar á kr. 1 og 1,50, verða seldir í Gamla Bíó frá kl. 4. — Gerið góðverk með því að skemta yður.



Rakarinn í Sevilla.

Gamanleikur í 4 þáttum eftir Beaumarchais. verður leikinn í Iðná, miðvikudaginn 25. marz, kl. 8. Aðgöngumiðar seldir í Iðná í dag frá kl. 3—7 og eftir kl. 3 á morgun. Aðgöngumiðasími 1862.

LÆKKAD VERÐ.

ÚTBOD.

Tilboð óskast í að reisa Atvinnudeild Háskólans.

Uppdrættir og útboðslýsing á teiknistofu húsameistara.

Reykjavík 24. marz 1936.

GUÐJÓN SAMÚELSSON.

Sophus Blöndal á Siglufirði látinn.

Aðfaranótt síðastliðins sunnudags lézt á Siglufirði Sophus Blöndal skrifstofustjóri Sildarútvegsnefndar. Var hann lengi í bæjarstjórn Siglufjarðar og tvö undanfarið ár var hann endurskoðandi Sildarverksmiðja ríkisins. Þýskur ræðismaður var hann frá árinu 1922.

Enska stjórnin undir niðri með Þýskalandi?

BERLIN, 24/3. (F.U.) Lundunáfréttaritari Parísarblaðsins „Paris Midi“ skýrir frá því, að í Englandi sé nú háð viðtæk barátta fyrir því, að England taki afstöðu með Þýskalandi í deilu þessari.

Eftir því, sem enska blaðið „Evening Standard“ segir, hefur umræðum neðri málfönnar í enska þinginu um deilu Frakkia og Þjóðverja verið frestað, og hefur ekki verið ákveðið, hvenær þær skulu fara fram.

Ítölsk blöð skýra frá afstöðu Vestur-Löcarnríkjanna undir stórum fyrirsögnum. Yfirleitt vilja þau ekki fallast á þessa afstöðu. „Tribuna“ fullyrðir, að Mussolini mun neita um samþykki sitt, þangað til trygt sé, að refsiaðgerðir gegn Ítalíu verði látnar niður falla.

Farþegar með Gullfoss til útlanda 23/36. Stórkaupm. Thor Jensen og frú, framkvstj. Guðmundur Vilhjálmsson og frú, Sigriður Guðmundsdóttir, Miss Dóra Petruson, Guðm. G. Hagalin rith. og frú, Skjöldur Hlíðar, Sigurgeir Guðmundsson, Óli Isfeld, Mr. Syer, Mr. Keightly, Mr. Charles Smith, Mr. George Hall, Ægir Ólafsson, Atli Ólafsson og frú, Kristján Hannesson og frú, Jónína Jónsdóttir.

iðjurekstur myndi verða tekin undir eftirlit hins opinbera, og að í vændum væri alger þjóðnýting iðnaðarfyrirtækja.

Landið á að verða óháð öllum aðflutningum.

Jafnharðan, sem þessu skipulagi yrði komið á, lýsti Mussolini því, hvernig reynt yrði að skapa á Ítalíu framleiðslu gervi-efna, sem gerði landið óháð viðskiptum við útlönd. Hann sagði, að gervi-ull væri meðal þeirra efna, sem stefnt væri að, að framleiða á þenna hátt. Hann kvaðst játa það, að það væri ómögulegt, fyrir nokkurt ríki, að verða sjálfu sér algerlega nóg, í öllum hlutum, en allt myndi verða gert til þess að komast eins nálægt því marki, eins og kostur væri.

Þá fór Mussolini nokkrum viðurkenningarorðum um fulltrúa Austurríkis, Ungverjalands og Albaníu, fyrir þá afstöðu, sem þeir höfðu tekið til mála Ítalíu, á Þjóðabandalagsfundum í Genf, og loks lét hann þess getið, að herir Ítala í Abessiníu væru að vinna þar stórfelda sigra.

UMRÆÐUR UM TROMAL.

Frh. af 1. síðu. mundsson, sem flutti síðasta erindið á sunnudagskvöldið um trú og trúleysi, sem er nú svo mikið um deilt í bænum.

En til þess að málin verði tekin skýrt fyrir, hefur útvarpsráð ákveðið að efna til kappæðna um trúmál, og munu þær fara fram 2. og 4. apríl. Verður þeim hag- að þannig, að fyrra kvöldið verða flutt stutt erindi, sem útvarpsráðinu hafa borið, eða því kunna að berast fyrir næsta laugardag, og það samþykki til flutnings, og er til þess ætlast, að þau fjalli um þau efni, sem rædd hafa verið í erindum frummælendanna.

Síðara kvöldið fara svo fram frjálslar umræður milli frummælendanna og þeirra, sem flutt hafa erindi fyrra kvöldið.

SMYGLARAR DÆMDIR.

Frh. af 1. síðu. fundust 29 flöskur af sterkum vínun og mikið af sigarettum. Var þetta allt grafið niður í eitt kola- boxið.

Elm kyndarinn, Ágúst Ágústsson, var tekin og settur í gæzluvarðhald, og meðgekk hann á sunnudaginn að hafa átt þessar vörur og hafa ætlað að smygla þeim í land og hafa ætlað að selja þær.

Var Ágúst Ágústssyni þá slept úr gæzluvarðhaldinu og dæmdur í gær í 3200 króna sekt.

Smyglið virðist færast í vöxt við stofnun „Skeifunnar“, bindindisfélags drykkfeldra íhaldsmanna.

ITALIA, AUSTURRIKI OG UNGVERJALAND.

Frh. af 1. síðu.

alla einnig með samkomulagi þessu undirgengist að styðja friðsamlegar kröfur Ungverja um endurskoðun friðarsamninganna með það fyrir augum, að Ungverjar fengi aukin lönd, en þeir hafa alla tíð talið sig hafa orðið hart úti við gerð friðarsamninganna, en allar kröfur í þá átt hafa sætt mikilli mótspyrnu, einkánlega frá Litla bandalaginu, sem vill halda öllum þeim löndum, er ríkin í því fengu upp úr heimsstyrjöldinni. (United Press.)

Ríkiseftirlit með öllum iðjurekstri á Ítalíu.

LONDON 23. marz. F.U. Mussolini hélt ræðu í dag í Róm. Hann tilkynnti, að í vændum væri stórkostlegar breytingar á pólitískri og viðskiptalegri yfirstjórn á Ítalíu.

Í fyrsta lagi tilkynnti hann, að fyrirhugað væri að afnema fulltrúadeild ítalska þingsins, en í hennar stað skyldi koma samkunda, er samanstæði af fulltrúum hinna fasistisku atvinnufélaga. Samkunda þessi yrði hreins stjórnálagi eðlis, og stæði undir beinu eftirliti stórráðs fasistaflokksins.

Mussolini skýrði frá því, að tilgangurinn með þessum breytingum á yfirstjórn þjóðmála á Ítalíu væri sú, að gera landið algerlega óháð viðskiptum við önnur ríki, og hefðu refsiaðgerðirnar fært Ítölum heim sanninn um það, að slíkt væri óhjákvæmilegt.

Hann lýsti því yfir að allur

GAMLA BIÓ Úlfa- maðurinn.

Feikna spennandi og viðburðarík Indíanamynd í 2 köflum (19 þáttum) með undrahundinum fræga

RIN-TIN-TIN.

1. kafli: Ópekkti óvinurinn sýndur í kvöld kl. 9. Börn innan 12 ára fá ekki aðgang.

Karlarór Reykjavíkur Alt Heidelberg

Sýning í kvöld kl. 8. Í næst síðasta sinn. Lækkað verð. Aðgöngumiðar seldir í dag eftir kl. 1. Aðgöngumiðasími: 3191.

Tilboð

Óskast í gaskolafarm.

Útboðsskilmálar fást á skrifstofu Gasstöðvarinnar.

Gasstöðvarstjórnin.

Skiftafundur

verða haldnir á bæjarþingstofunni, miðvikudaginn 25. þ. m., að afloknum gestarétti.

Kl. 11,20 í þ.b. Þorvaldar Jónssonar, kaupm., Hverfisgötu 34. Fundarefni: Sala eigna bú-sins.

Kl. 11,45 í þ.b. h.f. Fatagerðin. Gjörð ályktun um, hvort áfrýja skuli nýfeldum úrskurði um mótmæli gegn ýmsum kröfum.

Skiftaráðandinn í Reykjavík.

Úr --- Klukkur

- Vasaúr kr. 10.00
- Do. kr. 18.00
- Armbandsúr, herra kr. 25.00
- Do. dömu kr. 18.00
- Do. dömu kr. 25.00
- Vekjaraklukkur kr. 5.75
- Do. kr. 6.50
- Sjálfblekugar, 14 karat kr. 5.00
- Do. glerpena kr. 1.50
- Do. settið kr. 1.50

K. Einarsson & Björnsson.

I. O. G. T.

Íþaka. Fundur í kvöld kl. 8½. Bræðurnir annast. Karlarór, kaffi o. fl.

Einingar-fundur annað kvöld. Einsöngur.